

**641. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 14.
nóvember 2024 og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir, Guðmundur Ólafsson varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

Erla Bryndís Kristjánsdóttir mætir til fundar um fjarfundarbúnað klukkan 14:00.

1. Tunguskeið, Skutulsfirði. Nýtt deiliskipulag á svæði Í2 - 2024090115

Lögð fram lýsing á nýju deiliskipulagi, dags. 8. nóvember 2024, á svæði Í2 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, við innri hluta Tunguskeiðs í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð í Tunguhverfi en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir innri hluta hverfisins.

Með nýju deiliskipulagi er mótuð stefna um frekari uppbyggingu Tunguhverfis til að mæta eftirspurn eftir íbúðarlóðum í Skutulsfirði. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

Gunnar Páll Eydal, hjá Verkís ehf. mætir til fundar til að kynna verkefnið.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Miðbær Ísafjarðar. Deiliskipulag - 2023050086

Lögð fram til kynningar, minnisblöð unnin af Verkís ehf. vegna breytinga á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar dags. 22. ágúst 2023 og 14. nóvember 2023, tekin saman eftir opinbera kynningu á skipulagslýsingu frá 31. maí 2023 með fresti til að skila ábendingum til 28. júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

Verður tekið fyrir að nýju á fundi nefndar nr. 642.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir yfirgefur fjárfund klukkan 14:30.

3. Réttarholt í Engidal, Skutulsfirði. Stækkun og uppbygging kirkjugarðs - 2024030031

Lögð fram vinnslutillaga breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna Réttarholtskirkjugarðs í Engidal, Skutulsfirði, greinargerð með uppdrætti, unnin af Verkís ehf. dags. 4. nóvember 2024.

Skipulagslýsing var kynnt opinberlega frá 14. maí til 11. júní 2024.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að kynna vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, vegna Réttarholtskirkjugarðs á Ísafirði, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 123/2010 og skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

4. Strandsvæðaskipulag Vestfjarða - 2018070017

Lögð fram til kynningar, samþykkt fundargerð 22. fundar svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Vestfjarðum, dags. 10. september 2024.

Lagt fram til kynningar.

5. Úrgangsstjórnun og svæðisáætlun - 2022090018

Lögð fram til samþykktar lokaútgáfa af svæðisáætlun um úrgang fyrir Vestfirði, dags. 16. október 2024, unnið af Environice.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035, til samþykktar í bæjarstjórn.

6. Götur án staðfanga á Þingeyri - 2024070036

Lagður fram tölvupóstur dags. 27. júní 2024 með ábendingum um ósamræmi í skráðu heimilisfangi leikskólans Laufáss, sem nú er skráður við Hlíðargötu 1, á Þingeyri.

Í nýju deiliskipulagi Hlíðargötu er byggingarlóð til úthlutunar á áætlun nr. 1 við Hlíðargötu, mun ofar á Þingeyri. Leikskólinn stendur því við götu án staðfangs skv. gildandi skipulagi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir umsögn hverfisráðs.

7. Efnisnáma Mýrum í Dýrafirði. Ósk um aðalskipulagsbreytingu, Kýrá - 2024100090

Lagður fram tölvupóstur frá Guðmundi S. Péturssyni hjá Vegagerðinni, Borgarnesi með ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna efnistökusvæðis í landi Mýra í Dýrafirði, náman Kýrá nnr. 22694.

Tilgangur breytinga er að hafa klæðingarefnisnámu til viðhalds bundinna slitlaga á næstu árum á vegum frá Dýrafirði, norður Vestfirði og á Djúpveg suður í Hestfjarðarbotn.

Jafnframt er lagt fram samþykki landeigenda Mýrarjarðarinnar, í tölvupósti, dags. 17. október 2024.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna efnistökusvæðis við Kýrá nnr. 22694, skv. 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Reglur um útgáfu stöðuleyfa - 2022070024

Lagðar fram til samþykktar uppfærðar reglur Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa.

Breyting er á 7. grein þar sem lagt er til að heimila byggingarfulltrúa að leggja dagsektir á eigendur lausafjármuna sem falla undir stöðuleyfisákvæði byggingarreglugerðar og eigendur hirða ekki um að sækja um stöðuleyfi eða er synjað um stöðuleyfi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærðar reglur um stöðuleyfi.

9. Suðurtangi 24 - jarðvegsrannsókn - 2024080097

Lagt fram minnisblað EFLU dags. 25. október 2024 vegna jarðvegsrannsókna á Suðurtanga 24, með stækkunarmöguleikum til suðurs (lóðir 26 og 28).

Lagt fram til kynningar.

10. Framkvæmdaleyfi. Dagverðardalur, orlofshúsasvæði á F21 - 2024090018

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Jóni G. Magnússyni hjá M11 arkitektum, f.h. Fjallasýnar ehf. dags. 12. ágúst 2024.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu vegslóða og göngustíga við frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulfirði.

Nýtt deiliskipulag frístundasvæðis á svæði F21 í Dagverðardal, Skutulfirði, tók gildi 8. nóvember 2024.

Skipulags- mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis, í samræmi við umsókn og fyrirliggjandi gögn. Aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag var staðfest hjá Skipulagsstofnun 8. nóvember 2024.

11. Oddavegur 11 L141104; umsókn um byggingarleyfi - 2024100085

Lögð er fram ný umsókn um byggingarleyfi vegna breytinga á notkun húsnæðis. Í eldra máli (2024030091) var sótt um veitingarekstur í húsinu ásamt starfsmannaíbúð. Erindi var hafnað á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 635.

Í núverandi máli er sótt um að breyta húsinu í geymsluhúsnæði sem inniheldur húsvarðaríbúð.

Samhliða umsókn eru lagðir fram aðaluppdrættir frá M11 arkitektum ásamt tölvupósti frá umsækjanda til rökstuðnings á leyfi íbúa á iðnaðar- og

athafnasvæði B30.

Þar sem húsið er á iðnaðar- og athafnasvæði skv. gildandi deiliskipulagi er málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til yfirferðar.

Jafnframt er lagður fram tölvupóstur dags. 23. maí 2024 með tilkynningu til Umhverfisstofnunar um olíumengaðan jarðveg á Flateyrarodda, ásamt fundarpunktum frá fundi Ísafjarðarbæ, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Verkís dags. 22. maí 2024.

Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar erindi á grundvelli þess að svæðið uppfylli ekki kröfur til íbúðabyggðar vegna olíumengunar í jarðvegi.

Umsækjanda er bent á að ákvörðun á stjórnarsýslustigi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sjá nánar á: www/uua.is

12. Suðurtangi 2, Ísafirði. Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - 2024100047

Lögð fram umsögn eldvarnaeftirlits Ísafjarðarbæjar, dags. 29. október 2024 vegna Suðurtanga 2, F2120526.

Fordæmi er fyrir breyttri notkun og skráningu byggingahluta í húsnæðinu. Í dag eru allt að 4 byggingahlutar skráðir til búsetu.

Eldvarnaeftirlit gerir ekki athugasemdir við breytingu á byggingahlutanum F2120526. Eftir breytingar þarf hann að standast brunavarnir samkvæmt byggingareglugerð sem íbúðarhúsnæði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.

13. Umsókn um stöðuleyfi - 2024100119

Lögð er fram umsókn Sigurðar Arnars Jónssonar f.h Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, um stöðuleyfi á gámi er stendur fyrir framan slökkvistöðina.

Þar sem umsækjandi hefur áður fengið stöðuleyfi samþykkt fyrir umræddan gám er málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu stöðuleyfis.

14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 79 - 2410030F

Lögð fram fundargerð 79. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, sem var haldinn 8. nóvember 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

Hrafnhildur Hrönn Óðinsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Jóna Símónía Bjarnadóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir